


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3		
<b>Textíl-, búninga-, og hönnunarsaga</b>		
<b>Kennsluáætlun í TLB102 Haust 2010</b>		

<b>Kennari</b>	<b>Ragnheiður Björk Þórsdóttir</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>RÞÓ</b>
----------------	------------------------------------	---------------	------------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum fá nemendur innsýn í textíl- og búningasögu mannsins frá upphafi fram á okkar daga og gera sér grein fyrir hvaða áhrif veðurfar, stjórnsmál, tækniframfarir og tíska hefur á manninn. Nemendur fá einnig innsýn í verkmenningu mannsins í ólíkum menningarsamfélögum frá tímum pýramídanna og fram á 20. öldina. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir hvaða áhrif gróður og veðurfar hefur á gerð bygginga, fatnaðar og annara hluta sem ætlaðir eru til almennra nota í manngerðu umhverfi.

### Markmið:


- að nemendur fái innsýn í textíl- og búningasögu mannsins frá upphafi fram á okkar daga.
- að nemendur fái innsýn í verkmenningu mannsins í ólíkum menningarsamfélögum fram á 20. öldina.
- að nemendur geri sér grein fyrir því hvaða áhrif gróður og veðurfar hefur á gerð bygginga, fatnaðar og annarra hluta sem ætlaðir eru til almennra nota í manngerðu umhverfi.

### Kennslutilhögun:

2 x 2 kennslustundir á viku í 14 vikur, ca 56 kennslustundir. Gert er ráð fyrir að hlutur textílsögunnar sé ca. 30%, hlutur búningasögunnar ca. 30% og hlutur list-iðnaðarsögunnar ca. 40% af áfanganum. Verkefni eru unnin í hverjum hluta fyrir sig.

### Áætlun um yfirferð:

<b>1. hluti:</b>	<b>Textílsagan – 30%, ca 4 vikur.</b>	<b>Hópverkefni: skil 23. sept.</b>
	<p>Í upphafi er farið yfir helstu hugtök sem nauðsynlegt er að nemendur kunnir skil á s.s. körfugerð, vefnaður, myndvefnaður, þrjón, útsaumur, þrykk og frjáls textíll.</p> <p>Byrjað á textílsögu forn Egyptalands og síðan stiklað á stóru í sögu og þróun textílsins fram á okkar daga.</p> <p>Textíllinn sem myndlistarmiðill skoðaður – upphaf og endir?</p>	<p><b>1. verkefni</b></p> <p><b>Textílsagan</b></p> <p><b>Vægi: 20%</b></p>


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 3		
<b>Textíl-, búninga-, og hönnunarsaga</b>		
<b>Kennsluáætlun í TLB102 Haust 2010</b>		

<b>2. hluti</b>	<b>Búningasagan – 30% , ca 4 vikur.</b>	
	<p>Búningasagan rakin frá upphafi og fram á okkar daga. Farið í gegnum helstu efnisnotkun í fatnaði frá upphafi, jafnt í Evrópu, Afríku, Asíu og Ameríku. Iðnbyltingin og áhrif hennar á efnisnotkun og framleiðsluhætti. Áhrifaþættir eins og veðurfar, trúarbrögð og tíska skoðuð í hinum ýmsu menningarsamfélögum eins og tími leyfir.</p> <p>Efnishugtök og heiti skoðuð: Leður, ull, silki, bómull, hör, gerviefni, ofin munsturefni, áþrykkt efni og fleira.</p>	<p><b>Hópverkefni 2 og einstaklingsritgerð.</b></p> <p><b>Hópverkefni: Búningasagan.</b></p> <p><b>Vægi: 20% og skil 21. okt.</b></p> <p><b>Einstaklingsritgerð/dagbók. Skil: 9.nóv.</b></p> <p><b>Vægi: 35%</b></p>

<b>3. hluti:</b>	<b>Listiðnaðar og hönnunarsagan – 40%, ca 6 vikur.</b>	<b>Hópverkefni: skil 19. nóv.</b>
	<p>Saga byggingarlistarinnar eða arkitektúrs skoðuð frá forn Egyptum fram á okkar daga. Fjallað verður um byggingar, húsmuni og aðra nytjahluti og skoðað hvað hefur helst áhrif á hönnun og útlit þessara hluta.</p> <p>Skoðuð verða hugtök eins og iðnbyltingin, listiðnaðarfélög, listiðnaðarfyrirtæki, listiðnaðarskólar, heimssýningar, Shakers, Art Nouveau, De Stijl, Bauhaus, Art Deco, straumlína, nytjastefna og naumhyggja. Reynt verður að skoða hönnunarsöguna á Íslandi á 20. öldinni eins og tíminn leyfir.</p>	<p><b>Hópverkefni 3.</b></p> <p><b>Hönnunarsagan</b></p> <p><b>Vægi: 20% og skil 19. nóv.</b></p>

### Námsgögn:

Hefti frá kennara – skrifstofa VMA og í tölvutæku formi (Moodle). Ýmsar hönnunar-, textíl- og búningasögubækur af bókasafni VMA. Æskilegt er að nemendur hafi aðgang að, eða kaupi sér bækurnar *Tíska* (e. Gertrud Lehnert, Háskólaútgáfan: 2000) og *Hönnun*. (e. Thomas Hauffe, Háskólaútgáfan:1999).

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	<b>Textíl-, búninga-, og hönnunarsaga Kennsluáætlun í TLB102 Haust 2010</b>	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

### Verkefni:

Nemendur vinna alls fjögur verkefni á önninni – þrjú hópverkefni og eitt einstaklingsverkefni. Í einstaklingsverkefninu velja nemendur á milli dagbókarforms og heimildaritgerðar.

### Námsmat og vægi námsþátta:

Próflaus símats áfangi þar sem vinna nemenda er metin þ.e. þrjú hópverkefni sem gilda 20 % hvert og einstaklingsritgerð/dagbók sem gildir 35 %. Metin verður þekking og skilningur nemenda á forsendum hönnunar og textíls og einnig verður lagt mat á þátttöku nemenda í umræðum.

Ef nemendur kjósa að gera dagbók í lokaverkefni í stað heimildaritgerðar þá er æskilegt að þeir byrji að vinna dagbókina í upphafi annar, geta notað hana bæði sem glósu-, úrklippi- og gagnasöfnunarbók.

Ástundun og mæting gildir 5% af lokaekinn.

Með fyrirvara um breytingar.

**Ragnheiður Björk Þórsdóttir**

[ragga@vma.is](mailto:ragga@vma.is)

GSM: 8475133

**Dagsetning: 18.08. 2010**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils